

Innviðaráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: **Umhverfis- og samgöngunefnd**
Sendandi: **Innviðaráðuneytið**
Dagsetning: **06.03.2023**
Málsnúmer: **IRN22080096**
Bréfalykill: **8.1**

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum, nr. 123/2010 (uppbygging innviða) – 153. löggjafarþing

Minnisblað þetta er ritað að beiðni nefndar til fyllingar og nánari útskýringar vegna breytingartillagna á þingskjali 144.

Með umræddum breytingum er gengið út frá því að frumvarpið snúist aðeins um skipulag raflína og framkvæmdaleyfi í tengslum við það. Lagt er til að falla frá því að samþætta gerð umhverfismats vegna raflínuframkvæmdar á grundvelli laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og breytinga á skipulagi vegna raflínulagningar. Framkvæmdaaðili getur þannig hafið umhverfismat og jafnvel klárað það áður en breyting á skipulagi vegna lagningar raflínu hefst. Beiðni um skipan raflínunefndar til að leysa úr ágreiningi milli sveitarfélaga getur komið fram í umhverfismatsferlinu og/eða að loknu ferlinu. Sú beiðni er þó bundin við að hún komi fram áður en aðalskipulagsferli hefst með gerð lýsingar skv. 1.mgr. 30.gr. skipulagslaga.

Þrátt fyrir ofangreint verður til staðar heimild til að sameina skýrslugerð um umhverfismat raflína samkvæmt lögum nr. 111/2021 og skýrslugerð um umhverfismat raflínuskipulagstillögu samkvæmt frumvarpinu, sbr. 9. gr. laganna. Rétt er að hafa ákvæði um þessa heimild í frumvarpinu eða tilvísun í 9. gr. laga nr. 111/2021.

Þá er einnig lagt til að beiðni um skipan nefndar sé ekki einungis bundin við framkvæmdaraðila heldur geti einnig sveitarfélag sem framkvæmd nær til lagt fram slíka beiðni. Verður að teljast eðlilegt að viðkomandi sveitarfélög hafi einnig tækifæri til að óska eftir að máli sé komið í þann skipulagsfarveg sem frumvarp kveður á um.

Jafnframt eru lagðar til breytingar á samsetningu raflínunefndar. Til að koma til móts við ýmsar ábendingar frá umsagnaraðilum er lagt til að auk fulltrúa sveitarfélaga sem viðkomandi framkvæmd nær til þá eigi fulltrúi ráðherra orkumála sæti í nefndinni. Fulltrúa ráðherra skipulagsmála er falið að fara með formennsku í nefndinni í stað Skipulagsstofnunar, Skipulagsstofnun verði þess í stað falið það hlutverk að starfa með nefndinni, þ.e. veita henni ráðgjöf og annast gerð raflínuskipulags í umboði hennar og samkvæmt þeirri málsmeðferð sem kveðið er á um í frumvarpinu. Er það í samræmi við hlutverk stofnunarinnar í lögum um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018 og í reglugerð nr. 330/2020 um gerð strandsvæðisskipulags, sbr. 3. mgr. 4. gr. laganna og 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar.

Gerðar hafa verið ýmsar lagabreytingar undanfarin ár til að auka skilvirkni ferla varðandi undirbúning framkvæmda í flutningskerfi raforku, sem dæmi með breytingu á raforkulögum, þar sem kveðið hefur verið á um aukið samráð við sveitarfélög, landshlutasamtök og Samband íslenskra sveitarfélaga, auk þess sem kveðið hefur verið á um samspil kerfisáætlunar og skipulagsáætlanir sveitarfélaga. Í ljósi þessa og í kjölfar ábendinga hefur verið skerpt á tengingu við raforkulög, stefnu stjórnvalda um flutningskerfi raforku og kerfisáætlun.